

FORNLEIFASKRÁNING

Vegna mats á umhverfisáhrifum
Gjábakkavegar 2003 – 2005
Skýrslur og skráningar



Fornleifaskráning

Vegna mats á umhverfisáhrifum
Gjábakkavegar í Þingvalla- og
Laugardalshreppi, Árnessýslu



Bjarni F. Einarsson
Reykjavík 2003

Forsíðumyndin sýnir hluta af Konungsveginum, sem lagður var 1906 - 1907, rétt norðan við Gjábakka (fornleifar nr. 1 í Þingvallahreppi). Er vegurinn hlaðinn upp á þessum kafla. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson
September 2003.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhuguð vegastæði Gjábackavegar í Þingvalla- og Laugardalshreppi í Árnessýslu. Alls voru sjö hugmyndir að vegastæði kannaðar (Leið 1, 2, 3, 4, 6, 7 og 12).¹ Þó verður að geta þess að leið 1, núverandi vegur, var aðeins kannaður lítillega og verði hann fyrir valinu þarf að skoða hann nánar. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð, hvor sínum megin við veglínurnar. Austast var þó breiðari rimi skoðaður, eða ca. 100 m hvor sínum megin við línurnar. Einnig var allt bæjarstæði Gjábacka skoðað. Var þetta gert að beiðni Vegagerðarinnar til að auka valmöguleika leiðarinnar á þessum slóðum. Sömuleiðis voru efnistökusvæði könnuð og tengivegur (T4) ausur af Barmaskarði.

Gjábackavegur nær frá bænum Gjábacka að Laugarvatni, samtals u.þ.b. 16 km vegalengd. Allar liggja leiðirnar sunnan við núverandi veg og stundum all nokkru sunnar (sjá meðfylgjandi kort).

Farið var í gegn um nokkrar heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Örnefnaskrár, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Friðlýsingarskrá og Árbók Ferðafélags Íslands.

Allar veglínurnar, auk efnistökusvæða, voru kannaðar á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram í áföngum á tímabilinu 16. apríl - 14. ágúst síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar (t.d. 2:1-11 o.s.frv.). Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 - n. Venju samkvæmt er fylgt eldri skipan sveitarfélaga, en Þingvalla-, Laugardals- og Biskupstungnahreppur hafa nú sameinast í eitt sveitarfélag, Bláskógarbyggð. Grímsneshreppur á landræmu vestur af Litla Reyðarbarmi, en Biskupagötur fara þar yfir. Þessi stutti kafli er ekki skráður sérstaklega í sveitarfélaginu.

Aðstæður til skráningar voru góðar.

Umboðsmaður verkkaupa var Jón Helgason Vegagerðinni.

Ýmsar upplýsingar veittu landeigendur í Eyvindartungu. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir.

¹ Sumar leiðirnar ná aðeins yfir hluta svæðisins. Þær eru ýmist framhald eða afbrigði af öðrum leiðum.



Mynd 1. Yfirlit yfir dreifingu skráðra fornleifa við eyðibýlið Gjábakka. X á myndinni sýna staði sem gætu geymt fornleifar og ber að fylgjast með ef þeim verður raskað. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: Vegagerðin/BFE.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 14 staðir með fornleifum (tvær fornleifar, Konungsvegur og Biskupagötur, eru taldar sem fjórar í þessari skráningu þar sem þær fara í gegn um tvö sveitarfélög. Það eru Laugardalshreppur nr. 5 og Þingvallahreppur nr. 4 og Laugardalshreppur nr. 12 og Þingvallahreppur nr. 1). Á einum stað fundust fleiri en 50 fornleifar, en þó er ákveðin óvissa um þann stað hvort um fornleifar sé að ræða eða ekki. Eru það meintar mógrafir (Laugardalshreppur nr. 10). Um þennan stað eru engar heimildir og ummerki svo óljós að ekki verður staðfest að um mógrafir sé að ræða að svo stöddu. Gamlar mógrafir falla yfirleitt saman og verða nær ógreinanlegar með tímanum.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat ²	Hætta	Leið	Ástand	Aldur	Minjagildi	Mót:
Laugardalshreppur									
5:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	L 6, 12	Sæm.	-1550	Talsvert	GPS mæling
6:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	L 3, 4, 12	Sæm.	1550-1900	Lítið	GPS mæling
7:1	Rétt	1	Vegagerð	Lítill	T 4	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Prufuh + snið
8:1	Varða	1	Ekkert	Engin		Sæm.	1550-1900	Lítið	Engar
9:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	L 12	Sæm.	1550-1900	Lítið	Merking
10:1	Mógrafir	>50	Vegagerð	Mikil	L 2	Sæm.	1550-1900	Lítið	Loftm + teikn
11:1	Rúst (fjárhús)	1	Vegagerð	Lítill	Núv.	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Prufuholur
12:1	Þjóðleið	1	Vegagerð ³	Mikil	Núv.	Lélegt	1900ö	Talsvert	GPS mæling
8 staðir		> 57 fornleifar							
Þingvallahreppur									
1:1	Þjóðleið	1	Vegagerð	Mikil	L 6, núv.	Sæm.	1900-	Talsvert	GPS mæling
2:1-11	Eyðibýli	>13	Vegagerð	Mikil	L 12	Sæm.	-1550	Hátt	Rannsóknir
2:1	Rúst og rækt.st.	1	Ekkert	Engin		Lélegt	1550-1900	Talsvert	Engar
2:2	Bæjarhóll o.fl.	>3	Ekkert	Engin		Lélegt	1550-1900	Hátt	Engar
2:3	Rúst	1	Ekkert	Engin		Ágætt	1550-1900	Talsvert	Engar
2:4	Garður	1	Vegagerð	Mikil	L 12	Sæm.	1550-1900	Lítið	Snið
2:5	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	L 12	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Prufuholur
2:6	Ræktunasteinar	1	Ekkert	Engin		Ágætt	1550-1900	Lítið	Engar
2:7	Túngarður	1	Vegagerð	Mikil	L 12	Sæm.	1550-1900	Lítið	Snið
2:8	Rúst	1	Ekkert	Engin		Sæm.	1550-1900	Lítið	Engar
2:9	Aðhald	1	Ekkert	Engin		Sæm.	1550-1900	Lítið	Engar
2:10	Brunnur	1	Ekkert	Engin		Ágætt	1550-1900	Talsvert	Engar
2:11	Rétt	1	Vegagerð	Mikil	Núv.	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Prufuh + snið
3:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	L 6, núv.	Sæm.	1550-1900	Lítið	Merking
4:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin ⁴		Sæm.	-1550	Talsvert	Engar
5:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	L 12, núv.	Ágætt	1550-1900	Talsveart	GPS mæling
6:1	Varða	1	Ekkert	Engin		Ágætt	1550-1900	Lítið	Engar
6 staðir		>18 fornleifar							
Niðurstæða:									
14 staðir		>75 fornleifar							

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar. Undir liðnum Leið er átt við þá vega-hugmynd sem ógnar viðkomandi fornleifum, eða þá sem næst er. Núv. merkir núverandi vegur.


Á öðrum stað fundust fleiri en 13 fornleifar en það var við eyðibýlið Gjábakka. Á öðrum stöðum fundust aðeins einar fornleifar (sjá fornleifaskrá og töflu 1).

Af þessum 14 stöðum telst einn hafa hátt minjagildi, (þ.e.a.s. Gjábakki nr. 2:1-11), sjö staðir hafa talsvert minjagildi og sex lítið. Minjarnar við Gjábakka hafa í heild sinni hátt minjagildi þó einstakar fornleifar þar hafi mis mikið minjagildi. Sérstaklega skal bent á að samkvæmt heimildum mun kirkja hafa verið á Gjábakka (Sýslu- og sóknarlýsingar 1979:187). Hvar hún stóð veit nú enginn en kirkjur voru yfirleitt í næsta nágrenni

² Á loftmyndum eru fornleifar sem ekki eru í hættu vegna vegagerðar sýndar í grænum lit þó þær kunni að vera í lítilli eða mikilli hættu vegna annarra þátta svo sem landeyðingar. Sama á við um annað hættumat.

³ Leiðinni stafar einnig viss hættu ef námu D.

⁴ Sá hluti leiðarinnar sem er í Laugardalshreppi (reyndar í landi Grímsneshrepps) er í mikilli hættu.



Mynd 2. Túnakort Gjábakka. Bætt hefur verið við númer á fornleifum og brunni, auk lita. N vísar upp.

við bæjarstæðin, ekki ósjaldan austan við bæinn. Þó er ekki hægt að útiloka að kirkjan hafi staðið annarsstaðar, t.d. vestan við bæinn, hugsanlega einhversstaðar þar sem X eru merkt á mynd 1.

Í mikilli hættu vegna hinnar fyrirhuguðu vegagerðar eru sjö staðir. Á einum þessara staða (Gjábakka) eru fleiri en 13 fornleifar og þær eru í mis mikilli hættu þó staðurinn sem slíkur teljist vera í mikilli hættu. Í lítilli hættu eru fjórir staðir og í engri hættu vegna hinnar fyrirhuguðu vegagerðar eru þrír staðir.

Níu staðir eru taldir vera frá tímabilinu 1550 - 1900. Þrír staðir eru taldir vera eldri en 1550 og tveir staðir yngri en 1900. Þeir síðasttöldu njóta því ekki verndunar þjóðminjalaga. Þeir er þó svo merkilegir að mati undirritaðs að þá ber að vernda og varðveita. Er það Konungsvegurinn svokallaði (Þingvallahreppur nr. 1 og Laugardalshreppur nr. 12) en hann telst til fornleifa eftir 3 - 4 ár.

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa sérstaklega. Í ágætu ástandi eru fjórir staðir, í sæmilegu níu og einn í lélegu ástandi. Einn staður geymir fornleifar sem eru í misjöfnu ástandi.

Skammt suður af Blöndu og Blöndumýri, sunnan við stöð 5000 á leið 4, eru munnmæli um býli sem heitið hefur Blanda. Það var ekki skoðað nú vegna þess að það er of langt frá leiðinni og í hvarfi frá henni, upp á hæðarhrygg. Rústir þessa býlis má sjá á loftmynd (allavega þrjár) auk leifa af túni. Staðurinn er merktur inn á meðfylgjandi loftmynd (aftast í skýrslunni).



Mynd 3. Hluti af Biskupagötum skammt hjá Litla Reyðarbarmi. Í forgrunni er fallin varða, sú eina sem sást þar sem leiðin var skoðuð. Hugsanlega eru flestar vörður á leiðinni fallnar og ógreinilegar. Horft til SA. Ljósm. BFE.

Áhrif vegagerðar á fornleifar og mótvægisaðgerðir

Leið 1, endurbætur á núverandi vegi, mun hafa áhrif á sex fornleifar, lítil áhrif á tvær og mikil á fjórar. Lítil áhrif eru á rúst (fjárhús) nr. 11 í Laugardalshreppi og vörðu nr. 3 í Þingvallahreppi. Mikil áhrif á þjóðleið nr. 1 (Konugsveg), rétt nr. 2:11 og fornleið nr. 5 í Þingvallahreppi og á nr. 12 (Konungsveg) í Laugardalshreppi. Sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf væntanlega að koma til rannsóknar (prufuholur og skurðir) á tveimur fornleifanna, GPS mæling í landskerfi á þremur, en engar mótvægisaðgerðir á einni (vörðunni). Heppilegast væri að hnika til veglínunni þar sem hún fer hjá 2:11 og 3 og merkja aðra staði svo hægt sé að varast þá. Vert er að benda á að leiðin sker Konungsveg mjög víða á leið sinni yfir heiðina.

Leið 2, sem er framhald leiðar 6 til austurs, mun hafa mikil áhrif á einn stað með ca. 50 meintum mógröfum (nr. 10 í Laugardalshreppi). Þar þarf væntanlega ekki aðrar mótvægisaðgerðir en að teikna mógrafirnar upp með hjálp loftmyndar (slík loftmynd gæti staðfest að um mógrafir sé að ræða). Hægt er að komast hjá raski með því að hnika leiðinni til suðurs.

Leið 3, sem er afbrigði af leiðum 4 og 12, hefur mikil áhrif á einar fornleifar, þ.e.a.s. fornleið nr. 6 í Laugardalshreppi. Trúlega er hægt að hnika leiðinni til norðurs og upp fyrir fornleiðina. Annars þarf að GPS mæla leiðina í landskerfið.

Leið 4, sem er afbrigði af leið 12, hefur mikil áhrif á einar fornleifar sem er sama fornleið og leið 3 fer yfir og þar þyrfti væntanlega einnig að koma til GPS mæling á leiðinni í landskerfið. Svipuð færsla og á leið 3 ætti að koma til greina.

Leið 6, sem er framhald leiðar 2 til vesturs, hefur áhrif á þrjár fornleifar (minjar), lítil áhrif á einar og mikil á tvær. Þessar tvær minjar eru gamlar leiðir og þar þarf væntanlega að koma til GPS mæling í landskerfið. Leiðirnar eru nr. 5 í Laugardalshreppi og nr. 1 í Þingvallahreppi. Þetta eru m.ö.o. Konungsvegurinn og Biskupagöturnar. Leið 6 hefur lítil áhrif á vörðu (nr. 3 í Þingvallahreppi) og þar þarf væntanlega engar frekari mótvægisaðgerðir ef hægt er að tryggja öryggi vörðunnar. Það mætti merkja hana svo hægt sé að varast hana. Leið 6 er ekki hægt að færa til að komast hjá raski á fornleifum. Hana mætti þó hnika til norðurs og frá Konungsveginum. Hún mun þó undir öllum kringumstæðum rjúfa Biskupagöturnar þegar hún fer hjá Litla Reyðarbarmi.

Leið 7 hefur ekki áhrif á fornleifar samkvæmt þessari könnun.

Leið 12 hefur áhrif á fimm staði með fleiri en 7 fornleifum. Mikil áhrif hefur leiðin á fimm fornleifar, tvær í Laugardalshreppi og þrjár í Þingvallahreppi. Lítil áhrif hefur leiðin á eina vörðu í Laugardalshreppi. Varðandi vörðuna þarf ekki að koma til frekari mótvægisaðgerða. Til að komast hjá hugsanlegu raski mætti merkja vörðuna svo hægt sé að varast hana.

Við eyðibýlið Gjábakka hefur leiðin mikil áhrif á tvær fornleifar, garð og túngarð. Þar þyrfti að koma til nokkrar smávægilegar rannsóknir (snið og prufuholur). Einnig er mælt með því að framkvæmdaefirlit verði við haft þegar jarðrask hefst vestan við bæjarstæðið vegna hugsanlegra fornleifa þar sbr. mynd 1 og ekki síður vegna þess að ekki er hægt að útiloka þann möguleika að leifar kirkju (kirkjugarðs?) kunni að leynast þar. Erfitt er að fara með veg yfir bæjarstæði Gjábakka á öðrum stað án þess að raska fornleifum. Þó væri hægt að færa leiðina talsvert til vesturs, eða ca. 10 m vestur af rúst 2:5. Væri þá heppilegt að girða af rústina svo hægt væri að varast hana og hugsanlegra eldri minja við hana.

Varðandi fornleiðirnar sem leiðin hefur mikil áhrif á (nr. 5 og 6 í Laugardalshreppi og nr. 5 í Þingvallahreppi), þyrfti að koma til GPS mæling í landskerfið eins og varðandi aðrar gamlar leiðir sem eru í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Leið 12 verður ekki hnikað til að komast hjá raski á fornleiðum, nema við fornleið nr. 6 í Laugardalshreppi. Þar mætti hnika leiðinni til norðurs.

Leið T4 (tengivegur) gæti haft áhrif á rétt. Þar þyrfti væntanlega að koma til prufuholu- og skurðagröftur sé ekki hægt að tryggja öryggi réttarinnar. Öryggið er hægt að tryggja með því að girða austasta hluta réttarinnar af á meðan á framkvæmdum stendur og/eða færa veglínuna til austurs hjá réttinni.

Leið nr.	Áhrif á fj. fornl.	Áhrif á fj. staða	Áhrif	Mótvægisáðgerðir
1 (núv.)	6	6	Varanleg	Prufuholur, GPS mæling og merkingar
2	Ca. 50	1	Varanleg	Loftmynd
3	1	1	Varanleg	GPS mæling
4	1	1	Varanleg	GPS mæling
6	3	3	Varanleg	GPS mælingar og merking
7	0	0	-	-
12	7	5	Lítill	Prufuholur, snið, GPS mælingar og merking
T4	1	1	Lítill	Prufuholu- og skurðagröft

Tafla 2. Áhrif einstakra leiða á fornleifar/staði með fornleifum. Miðað er við óbreyttar veglínur sbr. meðfylgjandi kort. Leiðir 1 og 12 ná frá Gjabakka að Laugarvatni.

Verði af framkvæmdum á einhverri þeirra leiða sem kannaðar voru munu þær allar nema leið 7 hafa áhrif á nokkrar fornleifar eins og fram kemur hér að ofan.

Allt rask er háð leyfi Fornleifaverndar ríkisins og þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Sumar fornleifanna verða ekki rannsakaðar með eiginlegri fornleifarannsókn svo sem fornleiðir og sumar vörður. Aðrir staðir uppfylla ekki skilyrði laganna til að teljast til fornleifa og verða því varla rannsakaðir, nema að þeir hvíli ofan á eldri minjum. Engir slíkir staðir fundust við þessa rannsókn.

Allt rask á fornleifum hefur varanleg áhrif og yfirleitt óafturkræf. Það sem einu sinni er tekið í burtu verður ekki bætt, nema að það sé tekið í burtu á vísindalegan hátt. Þá fellst mótvægisáðgerðin í því að skrá allar þær upplýsingar sem fornleifarnar geyma áður en þeim er raskað. Þannig varðveitast fornleifarnar á nýjum stað (í skýrslu, á ljósmyndum og teikningum). Rask án rannsóknar er því varanleg skemmd.

Þegar gamlar leiðir eru skornar í sundur af nýjum vegi hefur það varanleg áhrif á leiðirnar.

Í 14. grein þjóðminjalaga segir: „Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð,

virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum framkvæmdum.“ (Þjóðminjalög 2001).

Skv. 12. gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu. Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Námur

Aðeins ein náma gæti haft áhrif á fornleifar, en það er náma D. Hún er þó fyrirhuguð norðan við núverandi veg, en skammt suður af veginum liggur Konungsvegurinn. Tryggja þarf öryggi vegarins og gæta þess að fara ekki yfir núverandi veg, hvorki með námuna sjálfa né vinnuvélar.

Niðurstaða

Alls fundust 14 staðir með fleiri en 75 fornleifum á eða við veglínur hins fyrirhugaða Gjábackavegar. Á einum þessara staða voru fleiri en 50 meintar fornleifar og á öðrum fleiri en 13 fornleifar. Aðrir staðir höfðu einar fornleifar.

Þær fornleifar sem eru í mikilli hættu þarf að rannsaka á einhvern hátt sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra eða færa veglínur. Þessar fornleifar eru á sjö stöðum og geyma tveir staðanna fleiri en einar fornleifar. Fimm þessara staða eru gamlar leiðir og mælt er með því að GPS mæla þær allar í landskerfið. Þrjár þessara fornleifa eru við eyðibýlið Gjábakka (einn staður) og eru það garður, túngarður og rétt. Þar þyrfti væntanlega að taka snið og prufuholur í minjarnar. Varðandi mógráfirnar þyrfti að teikna þær með aðstoð loftmyndar eða færa veglínuna (leið 2).

Sú leið sem mest áhrif hefur á fornleifar er leið 12 Þær leiðir sem minnst áhrif hafa eru leið 3, 4, 7 og T4. Leiðirnar eru þó ekki fyllilega sambærilegar þar sem þær liggja ekki á sömu stöðum og ná ekki yfir jafn langa vegalengd.

Leið 1 (núverandi vegur) nær yfir alla vegalengdina sem um ræðir. Hún hefur áhrif á sex fornleifar á sex stöðum. Helsti kosturinn við þessa leið er að hún mun raska eða fara í gegn um fornleifar sem þegar hefur verið raskað af núverandi vegi. Hættan er þó sú að hún raski Konungsveginum enn frekar en orðið er. Leiðin er ásættanleg.

Leið 2/6 nær yfir alla vegalengdina. Hún (þær) mun hafa áhrif á fjóra staði með fleiri en 53 fornleifum. M.a. mun hún fara í gegn um þrjár gamlar leiðir. Helsti ókosturinn er að hún mun eyðileggja langan kafla á

Konungsveginum ofan við Gjábakka. Þessi kafla Konungsvegarins er hlaðinn upp. Þess ber þó að geta að Konungsvegur er ekki fornleifar skv. skilgreiningu þjóðminjalaga, en verður það innan nokkurra ára. Leiðin er ekki ásættanleg nema að hún sé færð til austurs frá Konungsveginum.

Leið 3 nær aðeins frá Beitivöllum, eða frá stöð 7500 á leið 4, og upp á Hnúksheiði við stöð 2800 á leið 4. Með eilítilli hnikun til norðurs við vestur enda leiðarinnar verða áhrif hennar á fornleifar engin. Leiðin er ásættanleg.

Leið 4 er afbrigði af leið 12 á austurhelmingi leiðarinnar. Eini munurinn er að hún gæti haft áhrif á eina vörðu (Laugardalshreppur nr. 9), en með merkingu og aðgát á að vera hægt að hlífa vörðunni. Af því uppfylltu eru leiðirnar sambærilegar. Leiðin er ásættanleg.

Leið 7 er afbrigði af leið 12 að vestanverðu. Hún mun ekki hafa nein áhrif á fornleifar. Leiðin er ásættanleg.

Leið 12 nær yfir alla vegalengdina. Hún mun hafa mikil áhrif á túngarð, garð og fornleið hjá bæjarstæði Gjábakka. Einnig gæti hún raskað áður óþekktum fornleifum við eyðibýlið sbr. mynd nr. 1.

Leiðin mun einnig hafa mikil áhrif á þrjár fornleiðir og lítil áhrif á vörðu. Framkvæmdaefirlit þyrfti á meðan á framkvæmdum stendur, auk rannsókna, við eyðibýlið Gjábakka og GPS mæla þyrfti allar fornleiðirnar.

Ef leiðin yrði færð til vesturs við Gjábakka, vestur fyrir rúst 2:5, yrðu áhrif leiðarinnar mun minni. Leiðin er ásættanleg.

Verði veglínunum breytt þarf að kanna þá kafla frekar sem breytast. Allar leiðir, nema ein, eru taldar ásættanlegar án breytinga.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga ber akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Heimildir

- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Gísli Sigurðsson. „Fjallaferðir og Framafréttur Biskupstungna.“ Árbók Ferðafélags Íslands 1998. Reykjavík 1998.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. Leiðir Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði. Ferðafélag Íslands. Reykjavík 2000.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* Árnessýsla. Annað bindi. Kaupmannahöfn 1918-1921.
- Sunnlenskar byggðir III. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík 1983.
- Sýslu- og sóknarlýsingar.* Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:28.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrá. Eyvindartunga. Handrit. Örnefnastofnun.



Fornleifaskráning

Vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar
í Þingvalla- og Laugardalshreppi, Árnessýslu

Viðauki

Leið 1, viðbót við leið 7, leið 8
og leið 12 og námur



Bjarni F. Einarsson
Reykjavík 2004

Forsíðumyndin sýnir hluta af Konungsveginum, sem lagður var 1906 - 1907, nokkuð austur af Gjábakka. Liggur vegurinn um sprungu á þessum kafla. Sjá má vörðu nr. 10 vinstra megin á myndinni og einnig grillir í vörðu nr. 11 til hægri á myndinni. Ljós. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson

Mars 2004.

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var Fornleifafræðistofunni falið að kanna frekar núverandi veg, með vissum breytingum, með tilliti til fornleifa. Einnig var stofunni falið að kanna hvort breyting á legu leiðar 12 fæli í sér einhverja hættu á fornleifum, breyta umfjöllun lítilla varðandi leið 7 og kanna hvort námur sem nefndar hafa verið til viðbótar frá því að aðalskýrsla var gerð kunni að valda raski á fornleifum.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 5. desember 2003, 16. janúar og 15. mars síðastliðinn við frekar erfiðar aðstæður í tvö fyrri skiftin, en þær komu þó ekki niður á niðurstöðum.

Skýrsla þessi er viðauki við fyrri skýrslu varðandi Gjábackaveg og er vísað til hennar þegar við á.

Skráningin

Við þessa umferð vettvangsrannsóknar fundust sex minjar á sex stöðum. Allar nema einar eru í mikilli eða lítilli hættu vegna hugsanlegrar vegagerðar við núverandi veg. Þrjár eru í lélegu ástandi, tvær í ágætu og einar í sæmilegu ástandi. Aðeins einar minjar eru taldar eldri en 100 ára og því réttnefndar fornleifar. Allar minjarnar eru taldar hafa lítið minjagildi.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Leið</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Món.</i>
<i>Þingvallahreppur</i>									
7:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1.	Lélegt	1900-	Lítið	Rannsókn
8:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
9:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
10:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Rannsókn
11:1	Varða	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
12:1	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Sæm.	1550-1900	Lítið	Teikn. + ljósm.
<i>6 staðir</i>		<i>6 minjar</i>							

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar við núverandi veg frá Gjábacka að Laugarvatni. Undir liðnum *Leið* er átt við þá vega-hugmynd sem ógnar viðkomandi fornleifum, eða þá sem næst er. Núv. merkir núverandi vegur.

Ekki er hægt að útiloka að einhverjar vörðurnar kunni að vera eldri en 100 ára og að þær hafi varðað eldri veg sem Konungsvegur hefur verið lagður yfir. Því er mælt með því að kanna nokkrar vörður sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra. Þá þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Engar af þessum minjum þykir ástæða til að friðlýsa.

Leið 1 (núverandi vegur með breytingum)

Eins og fram kemur í aðalskýrslu var núverandi vegur ekki kannaður til hlítar og þar með ekki þau áhrif sem breytingar á honum og uppbygging kynnu að hafa á fornleifar og Konungsveg.

Við vettvangsskoðun kom í ljós að Konungsvegur er varðaður frá Gjábakka að Barmaskarði. Vörðurnar eru flestar afar illa farnar og oft aðeins botninn einn eftir. Sumar eru þó uppi standandi og hafa verið endurhlaðnar að því er virðist í seinni tíð. Þess ber að geta að vörðurnar gætu verið eldri en sjálfur Konungsvegurinn og þá varðað leið sem legið hefur frá Gjábakka austur úr. Þessar vörður voru ekki allar skráðar, aðeins þær helstu. Engar fleir vörður eru þó á milli varða nr. 7 og 11.

Nokkrir fallegir kaflar af Konungsveginum eru enn varðveittir á leiðinni frá Gjábakka að Barmaskarði. Þar má nefna, eins og fram kemur í aðalskýrslu, upp hlaðinn kafla norðan við túngarð Gjábakka. Að auki má nefna kafla sem liggur frá stöð 11900 - 12600 og frá stöð 10100 - 10900. Við vestur enda fyrrnefnda kaflans standa tvær vörður sín hvoru megin við Konungsveginn (fornleifar nr. 10 og 11 í fornleifaskrá. Sjá forsíðumynd). Konungsvegurinn liggur þar í skorningi eða sprungu.

Eins og af töflu 1 má ráða eru nokkrar fornleifar í mikilli hættu verði af framkvæmdum við Leið 1. Eru það vörður og ein rúst. Bent skal á að vörðurnar sem munu trúlega eyðileggjast eru fleiri en fram kemur í töflunni. Einnig mun Konungsvegurinn verða fyrir enn meiri spjöllum en þegar hefur orðið og fallegir kaflar á honum munu eyðileggjast eða laskast verulega.

Leið 7

Í aðalskýrslu segir að leiðin hafi ekki áhrif á neinar fornleifar. Þetta er ekki rétt, leiðin mun rjúfa Biskupagötur skammt suðaustur af Reyðarbarmi þar sem leiðin liggur á sama stað og leið 6. Framhald leiðar 7 til austurs er leið 4.

Leið 8

Þessi leið liggur syðst af leiðunum. Hún liggur frá norðanverðu Miðfelli í boga til austurs. Hún er öll utan við þjóðgarðinn. Við vettvangsskoðun þann 16. mars síðastliðinn fundust engar fornleifar, en þó má nefna reiðgötur skammt hjá stöð 11000. Eru þær stikaðar og enn í notkun. Ekki verður séð á vettvangi að leiðin sé gömul. Mjög svipuð leið sést skammt suðaustur af Gjabakka. Þessar reiðleiðir eru ekki skráðar.

Leið 12

Leiðinni hefur verið breytt lítillega en það hefur engin áhrif á fornleifar önnur en þau að leiðin mun fara oftar yfir fornleið (fornleifar nr. 5 í Þingvallahreppi) sem liggur frá Gjábakka suður úr. Í stað þess að

fara einu sinni yfir skv. fyrri hugmynd að legu leiðar 12 fer hún fjórum sinnum yfir skv. breytingunni. Fornleiðin er talin hafa talsvert minjagildi.

Námur

Engar, nema náma D, af þeim námum sem sjást á meðfylgjandi mynd¹ munu hafa nokkur áhrif á fornleifar. Náma D mun hugsanlega hafa áhrif á Konungsveginn, en hann liggur sunnan við núverandi veg og ætti því ekki að verða fyrir raski sbr. aðalskýrslu.



Mynd 1. Reiðleiðin skammt hjá stöð 11000 á leið 8. Leiðin er ekki skráð sem fornleifar. Horft til N. Ljós. BFE.

¹ Utan við myndina er ein náma sem er vestan við Arnarfellið SV af Gjábakka.



Fornleifaskráning

Vegna mats á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar
í Þingvalla- og Laugardalshreppi, Árnessýslu

Viðauki 2

Leið 1



Bjarni F. Einarsson
Reykjavík 2005

Forsíðumyndin sýnir vörðu (fornleifar nr. 14 í Laugardalshreppi) sem stendur hluta af Konungsveginum (fornleifar nr. 12 sama hreppi). Konungsvegurinn lagður var 1906–1907 og nær örugglega í eldri leið á köflum. Horfti til N. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson

September 2005.



Ekkert einkennir umhverfi gamla Gjábakka-vegarins meira en vörður. Þessi strýtulagaða varða (nr. 6 í Þingvallahreppi) liggur þó dálítið frá veginum, en er góður fulltrúi hinna þegar þær voru og hétu. Hún hefur varðað fornleið (nr. 5) frá Gjábakka suður yfir heiðina. (Ljósm. BFE).

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var Fornleifafræðistofunni falið að kanna enn frekar og nákvæmlega núverandi veg með nokkrum tilfærslum (leið 1) með tilliti til fornleifa. Sérstaklega skal bent á að í þessari skýrslu er aðeins fjallað um áhrif núverandi vegar (leiðar 1) á fornleifar. Um áhrif annarra leiða og náma er vísað í viðeigandi skýrslur eftir atvikum.

Fornleifar á og við gamla bæjarstæði Gjábakka (Nr. 1 og 2:1-11) eru ekki taldar með í þessari skýrslu, þó endurbætur á núverandi vegi hóti mörgum fornleifum þar. Enn er vísað í fyrri skýrslur varðandi þetta atriði.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu 20. – 22. sept. síðastliðinn við ágætar aðstæður. Var a.m.k. 50 m breið skák báðum megin við veginn og tilfærslur á honum könnuð, oftast þó 75 – 100 m.

Að öðru leyti er vísað í fyrri skýrslur, en þar koma fram áhrif annarra valkosta (leiða) á fornleifar og heimilda getið. Í stuttu máli gildir sú regla að sé ekki hægt að tryggja öryggi fornleifa þá þurfi að koma til einhvers konar mótvægisáðgerða með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja (sjá nánar fornleifaskrá og töflu 1).

Skráningin

Við þessa umferð vettvangsrannsóknar fundust 28 minjar á 25 stað. Í mikilli eða lítilli hættu vegna hugsanlegrar vegagerðar við núverandi veg eru 23 staðir sem geyma 25 fornleifar, auk fornleifa á og við Gjábackabæinn og getið er um í öðrum skýrslum. Aðrir staðir og aðrar fornleifar eru ekki í neinni hættu, hvorki vegna fyrirhugaðrar vegagerðar eða af öðrum ástæðum.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hættu	Leið	Ástand	Aldur	Minjagildi	Món.
Þingvallahreppur									
3:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Sæm	1550-1900	Lítið	Engar
5:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Mæla nákv. inn
7:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1.	Lélegt	1900-	Lítið	Rannsókn
8:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
9:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
10:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Rannsókn
11:1	Varða	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
12:1	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Sæm.	1550-1900	Lítið	Teikn. + ljósm.
13:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1550-1900	Lítið	Engar
14:1	Fornleið	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1550-1900	Lítið	Mæla nákv. inn
15:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
16:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Sæm.	1900-	Lítið	Engar
17:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1550-1900	Lítið	Engar
18:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
19:1	Rústir	2	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Rannsókn
20:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
21:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Sæm.	1900-	Lítið	Engar
22:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
23:1	Varða	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1550-1900	Lítið	Engar
24:1-2	Rúst og garður	2	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Sæm.	1900-	Lítið	Prufuskurðir
24:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Sæm.	1900-	Lítið	Prufuskurður
24:2	Garður	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
21 staðir		22 minjar							
Laugardalshreppur									
11:1	Rúst	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Rannsókn
12:1	Þjóðleið	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Talsvert	Mæla nákv. inn
13:1	Rúst	1	Vegagerð	Mikil	Leið 1	Lélegt	1900-	Lítið	Engar
14:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Leið 1	Sæm.	1550-1900	Lítið	Rannsókn
15:1-3	Rústir	3	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Engar
15:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1900-	Lítið	Engar
15:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Engar
15:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	-	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Engar
5 staðir		7 minjar							
Samtals:									
26 staðir		29 minjar							

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar við núverandi veg frá Gjábakka að Laugarvatni. Undir liðnum *Leið* er átt við þá hugmynd að veglínu sem ógnar viðkomandi fornleifum, eða þá sem næst er. Athygli er vakin á því að fornleifar við eða á hinu gamla bæjarstæði Gjábakka er getið í öðrum skýrslum þó framkvæmdir við núverandi veg hótí þeim mjög. Einnig er vert að geta þess að fornleifar nr. 3, 5 og 7 12 í Þingvallahreppi voru skráðar árið 2003 í tengslum við fyrri skráningar. Sama á við um fornleifar nr. 11 og 12 í Laugardalshreppi.

Af 29 minjum eru 16 taldar vera yngri en frá 1900 og því ekki fornleifar skv. laganna hljóðan.¹ Tólf þessara minja eru vörður við Konungsveg. Aðeins 13 minjar eru því eiginlegar fornleifar.

Ekki er hægt að útiloka að einhverjar vörðurnar kunni að vera eldri en 100 ára og að þær hafi varðað eldri veg sem Konungsvegur hefur verið lagður yfir. Því er mælt með því að kanna nokkrar vörður sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra. Þá þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Tíu minjar eru í lélegu ástandi, 13 í ágætu og sex í sæmilegu ástandi.

Engar minjar eru taldar hafa hátt minjagildi. Aðeins sjö minjar eru taldar hafa talsvert minjagildi og allar eru þær eldri en 1900 utan einar, sem er Konungsvegurinn. Allar aðrar minjar eru taldar hafa lítið minjagildi.

Engar af þessum minjum þykir ástæða til að friðlýsa.



Konungsvegur þar sem hann liggur fram hjá Gjabakka að austanverðu. Sjá má grjóthleðslur í veginum. (Horft til A. Ljósm. BFE).

Leið 1 og helstu fornleifarnar

Eins og fram kom hér að ofan eru fleiri fornleifar en getið er um í þessari skýrslu í hættu vegna leiðar 1. Þar er átt við fornleifar á og við bæjarstæði Gjabakka (Þingvallahr.1 og 2:1-11). Mælt er með því að þegar

og ef jarðrask fer á stað þar þarf að hafa framkvæmdaeftirlit á staðnum og rannsaka nokkrar fornleifar ef ekki er hægt að tryggja öryggi þeirra.

Við vettvangsskoðun kom í ljós að Konungsvegur er varðaður frá Gjábakka að Barmaskarði, en eftir það virðist aðeins ein varða standa við veginn skammt austuðaustur af Laugarvatnshelli (Sjá forsiðumynd). Vörðurnar eru flestar afar illa farnar og oft aðeins botninn einn eftir. Sumar eru þó uppi standandi og hafa verið endurhlaðnar að því er virðist í seinni tíð. Þess ber að geta að vörðurnar, sumar hverjar, gætu verið eldri en sjálfur Konungsvegurinn og þá varðað leið sem legið hefur frá Gjábakka austur úr.

Nokkrir fallegir kaflar af Konungsveginum eru enn varðveittir á leiðinni frá Gjábakka að Barmaskarði. Þar má nefna, eins og fram kemur í aðalskýrslu, upp hlaðinn kafla norðan við túngarð Gjábakka (sjá mynd hér að framan). Að auki má nefna kafla sem liggur frá stöð 11900 - 12600 og frá stöð 10100 - 10900. Við vestur-enda fyrrnefnda kaflans standa tvær vörður sín hvoru megin við Konungsveginn (fornleifar nr. 10 og 11 í fornleifaskrá). Konungsvegurinn liggur þar í skorningi eða sprungu.

Eins og af töflu 1 má ráða eru nokkrar fornleifar í mikilli hættu verði af framkvæmdum við Leið 1. Eru það aðalega vörður, en einnig eru það tvær fornleiðir og ein þjóðleið, fjórar rústir og einn garður. Konungsvegurinn mun verða fyrir enn meiri spjöllum en þegar hefur orðið og fallegir kaflar á honum munu eyðileggjast eða laskast verulega. Þessi leið mun falla í flokk fornleifa innan tveggja ára og því njóta friðunar þjóðminjalaga. Mælt er með því að fornleiðirnar og Konungsvegurinn verði nákvæmlega mældar inn í landskerfið áður en til framkvæmda kemur.

Fornleifar nr. 19 í Þingvallahreppi eru nokkuð óvenjulegar og hvers kyns þær eru er ekki á hreinu. Þær hvíla í grösugum dal sem teygir sig til suðurs og í honum virðast vera miklar fjárgötur. Gætu rústirnar tengst fjárgæslu af einhverju tagi (smalakofar?). Vegfylling núverandi vegar hefur runnið yfir aðra rústina og er ekki hægt að sjá annað en að hún muni hverfa á næstunni ef vegfyllingin heldur áfram að skriða fram. Þarna er býsna mikil vegfylling. Þessar rústir þarf að rannsaka verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.

Að öðru leyti er vísað í fornleifaskrá og þeirra mótvægisáðgerða sem þar er getið.

Fylgirit:

Loftmynd með staðsetningu fornleifa við leið 1 (núverandi veg)
Fornleifaskrá

FORNLEIFASKRÁ

Vegna mats á umhverfisáhrifum
Gjábakkavegar 2003 – 2005

Fornleifaskráning 2003 - 2005
ÞINGVALLAHREPPUR

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Árnessýsla	Pingvallahreppur	8714	1
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
-		Konungsvegur	1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	M.y. sjó	Skekkja
	N 64°14.13 W 021°01.71		<10

Tegund minja	Tilgáta	Fjöldi
Þjóðleið		1
Hættumat	Hætta	Ástand
Vegagerð	Mikil	Sæmilegt
Aldur	1900-	Í eyði
Skrásetjari	Dags.	Minjagildi
Bjarni F. Einarsson	16.04.2003	Talsvert
		Merkja?
		Nei
		Fríðsni?
		Nei
		Fríðsni?
		Nei
		Hvenær

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Reykjavík að Þingvöllum og áfram hjá Gjábakka og yfir heiðina í átt að Laugarvatni og endar við Geysi í móa, kjarri og hrauni.

Heimildir og munnmæli

Gísli Sigurðsson. „Fjallaferðir og Framafréttur Biskupstungna.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1998. Reykjavík 1998:73 - 79.
Guðrún Ása Grímsdóttir. *Leiðir Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík 2003:14.
Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík 1979:149. 155. 167 og 187.

Lýsing

Þjóðleið.

Leiðin er ca. 3 m breið þar sem hún var skoðuð. Á kafla rétt norðan við Gjábakka er hún hlaðin upp úr grjóti. Heimreiðin gamla að Gjábakka liggur frá þessari leið. Víða má sjá grjót í vegkanti sem kastað hefur verið úr götunni. Leiðin er skorinn á nokkrum stöðum af núverndi vegi yfir heiðina og víða liggur núverandi vegur í þeim gamla.

Konungsvegurinn var lagður í tilefni komu Friðriks konungs VIII til landsins árið 1907. Byrjað var á verkinu árið 1906 og því lokið sumarið 1907 (Gísli Sigurðsson 1988:73).

Vel getur hugsast að leiðin á milli Gjábakka og Laugarvatns sé mun eldri en 1550. Í Njáls sögu og Kristnisögu er leið lýst sem lá frá Laugardal að Beitivöllum og áfram á Þingvelli (Guðrún Ása Grímsdóttir 2000:16-17). Hér gæti verið átt við leið sem lá út úr Biskupavegi sunnan við Litla Reyðarbarm og með fjallinu og hraunkanntinum að Beitivöllum og svo norðan við Blöndumýrina til Laugarvats.

Leiðin er nr. 12 í Laugardalshreppi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Þjóðleiðin er skorin af leið 6 á nokkrum stöðum sbr. loftmynd. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að raska leiðinni og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Þetta á aðalega við þann hluta sem er í Laugardalshreppi. Mælt er með því að GPS mæla alla leiðina frá Gjábakka að Laugarvatni, eða eins langt og rekja má leiðina.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Pingvallahreppur

Táknatala

8714

Landareign

Gjábakki

Nr

Heiti

Gjábakki

Undirnr.

1-11

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

M.y. sjó

Skekkja

Tegund minja

Eyðibýli

Tilgáta

Fjöldi

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Mikil

Ástand

Sæmilegt

Aldur

-1550

Í eyði

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.08.2003

Fríðkja?

Nei

Fríðkja?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Sunnan og austan við vegamót. Á hæðarhrygg.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Annað. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn 1918 - 1921:362.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar

Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík

1979:181-185 o.fl.

Túnakort Gjábakka. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Eyðibýli.

Eyðibýlið er á ca. 300 x 300 m stóru svæði (innan túns). Bæjarhúsarústirnar eru yfirléttaðar í seinni tíð og engin leið að gera sér grein fyrir því hvernig húsaskipan hefur verið.


Á túninu eru margir hólur og ekki hægt að útiloka að þeir allir eða flestir geymi rústir.

Heimildir herma að á Gjábakka hafi verið bænhús (Sýslu- og sóknarlýsingar 1979:187). Ekki er hægt að sjá neinar vísbendingar um hvar það getur hafa staðið. Það er ágiskun að það hafi hugsanlega staðið austan við bæinn, eða ASA við hann.

Að bæjarstaðinu liggja þrjár misgamlar traðir. Sú elsta hefur seinnilega legið frá suðri. Sú næst elsta lá frá Konungsveginum í austur (sbr. túnakort) og sú yngsta kom úr vestri.

Við túnið má sjá nokkrar hrúgur af ræktunarsteinum. Ein þeirra var skráð sérstaklega (nr. 2:6). Aðrar eru aðalega að finna við NV- og SA- hornið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla Árnessýsla	Sveitarfélag Þingvallahreppur	Tákntala 8714	Aðalnr. 2
Landareign Gjábakki	Nr	Heiti	Undirnr. 1

Staðfræðikort	GPS Staðsetning N 64°13.93 W 021°01.66	M.y. sjó	Skekkja <10
---------------	---	----------	----------------

Tegund minja Rúst og ræktunarsteinar				Tilgáta		Fjöldi 1	
Hættumat Ekkert	Hætta Engin	Ástand Lélegt	Aldur 1550-1900	Í eyði	Minjagildi Talsvert	Merkja? Nei	
Skrásetjari Bjarni F. Einarsson			Dags. 16.04.2003		Fríðýsa? Nei	Fríðýst? Nei	Hvenær

Lega og staðhættir

Efst á klöpp ca. 7 m SA af túni og nokkra metra vestur af þjóðleiðinni (nr. 1).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst og ræktunarsteinar.


6 x 8 m (N - S). Veggir úr grjóti, 1 - 3 m breiðir og 0,1 - 0,5 m háir.

N- gafl horfinn og sömuleiðis megnið af V - vegg (trégafl ?).

Ofan á veggjum eru steinar sem trúlega hefur verið kastað úr túninu á Gjábakka (ræktunarsteinar).

Leifar af túngarði (nr. 2:7) eru ca. 7 m NV af rústinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Rústin er ca. 20 m V af stöð 7900 (leið 6). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Þingvallahreppur

Táknatala

8714

Landareign

Gjábakki

Nr

Heiti

Gjábakki

Undirnr.

2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°13.95 W 021°01.76

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Bæjarhóll, kálgarður og traðir

Tilgáta

Fjöldi

> 4

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Minjagildi

Hátt

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.08.2003

Frökýsa?

Nei

Frökýsa?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Ca. 50 m sunnan við veg (Þingvallaveg). Í túni.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Annað. bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn 1918 - 1921:362.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Árnessýsla. Svavar

Sigmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík

1979:181-185 o.fl.

Túnakort Gjábakka. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Bæjarhóll, kálgarður og traðir.

1) Bæjarhóll.

Hóllin er ca. 26 x 70 m (N - S). Í hólnum NV - verðum er lítið hús með þaki og SV við það má sjá einskonar skúta inn í hólinn. Inni í honum sér í vikursteina og timburdrasl (m.a. hugsanlegt gólf). Syðst í bæjarhólnum eru leifar af tveimur ungum húsum sem grafin hafa verið niður í bakkann. Þar sjást steypar veggjaleifar og bárujárn í ánnari rústinni. Austan og vestan við þessar rústir eru leifar af hlöðnum veggjum. Þessi hluti hólins er trúlega yngri viðbót við hinn eiginlega bæjarhól sem hefur þá verið ca. 26 x 45 m stór.

Mestur hluti hólins, eða nyrðri hluti hans, hefur verið sléttaður og þar sett mól og mold. Víða má sjá hleðslusteina, gler, bein og annað rusl í yfirborðinu.

2) Kálgarður.

Kálgarðurinn hefur verið vestur af bænum sbr. túnakort. Af honum sést þó ekkert í dag vegna sléttunar í seinni tíð.

3) Traðir.

Traðirnar (A - V) liggja frá Konungsvegi að bæjarhólnum. Liggja þær í gegn um hlið og yfir gamla túngarðinn. Þær eru ca. 60 - 70 m langar, 3 m breiðar og 0,1 - 0,3 m háar. Þær virðast vera hlaðnar upp að mestu leyti. Skammt frá bæjarhólnum er rör í tröðunum (rotþró?).

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Fornleifaskrá

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Þingvallahreppur

Tákntala

8714

Aðalnr.

2

Landareign

Gjábakki

Nr

Heiti

Undirnr.

3

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°13.98 W 021°01.73

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjárhús

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.08.2003

Fríðýsa?

Nei

Fríðýsa?

Nei

Hvencr

Lega og staðhættir

Ca. 50 m SA af vegi og 26 m NA af bæjarhólnum. Á lágum hól í túni.

Heimildir og munnmæli


Túnakort Gjábakka. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Rúst.

5,5 x 9 m (NV - SA). Veggir úr grjóti, 1,5 m breiðir og 0,5 - 1,2 m háir. Dyr snúa mót NV. Garðlög eru greinileg að innanverðu og á utanverðum gafli (SA). Utan við N kampinn er grjóthrun úr veggjum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf.

Fornleifaskrá

Sýsla Árnessýsla	Sveitarfélag Laugardalshreppur	Tákntala 8712	Aðalnr. 5
Landareign -	Nr -	Heiti Biskupagötur	Undirnr. 1

Staðfræðikort -	GPS Staðsetning N 64°11.57 W 020°55.09	M.y. sjó -	Skekkja <10
--------------------	---	---------------	----------------

Tegund minja Fornleið					Tilgáta -	Fjöldi 1
Hættumat Vegagerð	Hætta Mikil	Ástand Sæmilegt	Aldur -1550	Í eyði -	Minjagildi Talsvert	Merkja? Nei
Skrásetjari Bjarni F. Einarsson		Dags. 19.04.2003		Frókna? Nei	Frókst? Nei	Hvencr -

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Gjabakka austur yfir heiðina í átt að Skálholti. Í hrauni og móa.

Heimildir og munnmæli

Guðrún Ása Grímsdóttir. *Leiðir Skálholtsbiskupa um Lynddalsheiði*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík 2003:14ff. Sýslulýsingar 1744 - 1749. Reykjavík 1957:78.

Lýsing

Fornleið.

Leiðin er ca. 0,5 - 2 m breið og 0,2 - 0,6 m djúp þar sem hún var skoðuð skammt suður af Reyðarbarmi. Ekki sjást margar vörður þar sem leiðin var skoðuð, en þegar horft var til ASA (við stöð 600, leið 7) sást stór varða (Haustrúguvarða?) ca. 500 m frá uppi á holti.

Leiðin hefur nr. 4 í Þingvallahreppi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Leita þarf leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska leiðinni og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Stöð 600 (leið 7) er í miðri leiðinni. Leið 6 sker einnig leiðina. Mælt er með því að GPS mæla leiðina alla frá Gjabakka að Þverá eða eins langt og hana má rekja á þessum kafla.

Fornleifaskrá

Sýsla Árnessýsla	Sveitarfélag Þingvallahreppur	Tákntala 8714	Aðalnr. 2
Landareign Gjábakki	Nr	Heiti	Undirnr. 4

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	M.y. sjó	Skekkja
	-	-	-

Tegund minja Garður	Tilgáta Túngarður	Fjöldi 1
Hættumat Vegagerð	Hætta Mikil	Ástand Sæmilegt
Aldur 1550-1900	Í eyði	Minjagildi Lítið
Skrásetjari Bjarni F. Einarsson	Dags. 12.08.2003	Frélsa? Nei
		Frélsa? Nei
		Hvenær

Lega og staðhættir

Liggur fast upp við veg og liggur á milli rústa nr. 2:3 og 2:5. í túni.

Heimildir og munnmæli

--

Lýsing

Garður.

Úr grjóti, 1,5 m breiður, 0,1 - 0,2 m hár og ca. 55 - 60 m langur (NV - SA). Garðurinn er nokkuð ógreinilegur, enda vel sokkin í túnið. Hann er vaxin mosa, lyngi og grasi.
SA - endi garðsins er ca. 10 m NV af rúst 2:3.
Ca. 3 m frá SA enda garðsins og austan við hann er hugsanlega lítil rúst, t.d. hrútakofi.

Líklega er þessi garður hluti af gömlum túngarði Gjábakka og hluti af fornleifum nr. 2:7.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Arnessýsla

Sveitarfélag

Þingvallahreppur

Tákntala

8714

Landareign

Gjábakki

Nr

Heiti

Undirnr.

5

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°14.01 W 021°01.84

M.y. sjó

Skekkja

>10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjárhús

Fjöldi

1

Hættumat

Vegagerð

Hætta

Lítil

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.08.2003

Fríðlysa?

Nei

Fríðlysa?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

12 m NNV við veg, í túnjaðri.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Gjábakka. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Rúst.

4,5 x 6 m (A - V). Veggir úr grjóti, 1,5 m breiðir og 0,6 - 1,8 m háir. Dyr snúa mót V.

Garðlög sjást vel að utan og innan.

Rústi er vel gróin grasi.

Hugsanlega eru eldri rústabrot sunnan og vestan við rústina, á svæði sem nær ca. 10 m frá rústinni.

3 m austur af rústinni er grjóthrúga og er það vafalaust grjót úr túninu (ræktunarsteinar).

Teikning/ljósmynd



5 m.

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leyta leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Rannsóknar yrði þörf og sérstaklega að kanna hvort eldri leifar finnist við rústina.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i> Árnessýsla	<i>Sveitarfélag</i> Þingvallahreppur	<i>Tákntala</i> 8714	<i>Aðalnr.</i> 2
<i>Landareign</i> Gjábakki	<i>Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i> 6

<i>Staðfræðikort</i>	<i>GPS Staðsetning</i> N 64°14.02 W 021°01.97	<i>M.y. sjó</i>	<i>Skekkja</i> >10
----------------------	--	-----------------	-----------------------

<i>Tegund minja</i> Ræktunarsteinar	<i>Tilgáta</i>	<i>Fjöldi</i> 1
<i>Hættumat</i> Ekkert	<i>Hætta</i> Engin	<i>Ástand</i> Ágætt
<i>Aldur</i> 1550-1900	<i>Í eyði</i>	<i>Minjagildi</i> Lftið
<i>Skrásetjari</i> Bjarni F. Einarsson	<i>Dags.</i> 12.08.2003	<i>Merkja?</i> Nei
		<i>Fríðsa?</i> Nei
		<i>Fríðst?</i> Nei
		<i>Hvenær</i>

Lega og staðhættir
Ca. 100 m NV af vegi, í á lágrí klöpp í jaðri túns.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Ræktunarsteinar.

Úr grjóti, 1,5 x 2,5 m (A - V) og 0,3 m há. Grjótið er mosavaxið.

Fleiri ræktunarsteinar eru á milli 2:6 og 2:5. Einnig má finna þá við SA - horn túns eða túngarðs. Sjá einnig lýsingu 2:1 og 2:5.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C-2040ZOOM

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Aðalnr.
Árnessýsla	Pingvallahreppur	8714	2
Landareign	Nr	Heiti	Undirnr.
Gjábakki			7

Staðfræðikort	GPS Staðsetning	M.y. sjó	Skekkja
	N 64°13.96 W 021°01.86		>10

Tegund minja	Tilgáta	Fjöldi
Túngarður		1
Hættumat	Hætta	Ástand
Vegagerð	Mikil	Sæmilegt
Aldur	1550-1900	I eyði
Skrásetjari	Dags.	Minjagildi
Bjarni F. Einarsson	12.08.2003	Lítið
		Merkja?
		Nei
		Fríðýsa?
		Nei
		Fríðýsa?
		Nei
		Hvencr

Lega og staðhættir

Utan um tún Gjábakka.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Gjábakka. Handrit. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lýsing

Túngarður.


